

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.6 2026

Isavia ohf.
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
235 Keflavíkurflugvöllur
kt. 550210-0370

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.6 2026

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar	4
Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-18

Skýrsla stjórnar

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli en varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

Tilgangur Isavia samstæðunnar er þjónustustarfsemi tengd flugi og rekstur og uppbygging flugvalla landsins. Samstæðuárshlutareikningur Isavia ohf. tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélaganna Avians ehf., Isavia Innanlandsflugvöllir ehf. og Fríhöfnin ehf. Avians ehf. á dótturfélögin Tern Systems ehf. og Suluk ApS og Tern Systems ehf. á dótturfélagið Tern Branch Hungary.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga sem hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Rekstur tímabilsins janúar til júní 2026

Samkvæmt rekstrarreikningi Isavia ohf. námu rekstrartekjur tímabilsins 20.295 milljónum króna (1.1-30.6 2025: 24.453 milljónum króna). Hagnaður tímabilsins nam 441 milljón króna (1.1-30.6 2025: hagnaður nam 1.130 milljónum króna). Jákvæður gengismunur nam 983 milljónum króna (1.1-30.6 2025: jákvæður um 568 milljónir króna). Laun og annar starfsmannakostnaður nam á tímabilinu 12.753 milljónum króna (1.1 - 30.6 2025: 13.245 milljónum króna). Meðalfjöldi stöðugilda á tímabilinu var 1.334 (1.1 - 30.6 2025: 1.431).

Þann 30. júní 2026 námu heildareignir samstæðunnar 126.311 milljónum króna (31.12.2025: 121.435 milljónum króna). Eigið fé 30. júní 2026 nam 53.125 milljónum króna (31.12.2025: 52.684 milljónir króna) og eiginfjárlutfall samstæðunnar var 42,06% þann 30. júní 2026 (31.12.2025: 43,38%).

Farþegum sem fóru um Keflavíkurflugvöll fækkaði um rúmlega 8% á tímabilinu janúar til júní 2026 samanborið við sama tímabil ársins 2025 og var það í takti við áætlanir félagsins. Tekjur samstæðunnar lækkuðu milli ára. Lækkunina má einkum rekja til þess að rekstur frihafnaverslunar á Keflavíkurflugvelli færðist frá dótturfélaginu Fríhöfninni ehf. til nýs rekstraraðila í maí 2025. Lækkunin endurspeglar tímabundin áhrif af þessari breytingu á rekstrarfyrirkomulagi. Jafnframt fækkaði farþegum um Keflavíkurflugvöll milli ára vegna gjaldþrots Fly Play hf.

Fjöldi farþega sem fóru um Keflavíkurflugvöll var rúmlega 3,4 milljónir á tímabilinu janúar til júní 2026 samanborið við 3,7 milljónir farþega fyrir sama tímabil ársins 2025. Samdráttur á þessu tímabili hefur að stærstu leytir vegna tengifarþega en þeim fækkaði úr 1.069 þúsund farþegum í 868 þúsund farþega eða um 19%. Komu og brottfararfarþegar fækkaði á sama tíma um 4% eða úr 2.676 þúsund í 2.567 þúsund farþega. Farþegum í innanlandskerfinu fjölgaði um 2,3% á tímabilinu janúar til júní 2026 samanborið við sama tímabil 2025 eða úr 333 þúsund farþegum í 341 þúsund farþega. Flugumferð í íslenska úthafsflugstjórnarsvæðinu minnkaði um 2,6% á tímabilinu janúar til júní 2026 samanborið við sama tímabil 2025 eða úr 92.998 flugvélum í 90.615 flugvélar.

Hlutafé og hluthafi

Hlutafé þann 30. júní 2026 nam 24.559 milljónum króna (31.12.2025: 24.559 milljónum króna). Ríkissjóður er eini hluthafinn í félaginu þann 30. júní 2026 eins og í árslok 2025.

Skýrsla stjórnar

Framtíðarhorfur

Framtíðarhorfur samstæðunnar eru almennt stöðugar. Gert er ráð fyrir að farþegafjöldi um Keflavíkurflugvöll muni vaxa að meðaltali um 4-5% á ári á næstu árum, studdur af áframhaldandi vexti í ferðaþjónustu, aukinni tengingu Íslands við helstu markaði og jákvæðri þróun í alþjóðlegri flugumferð. Áfram hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu og þróun innviða Keflavíkurflugvallar til að mæta framtíðarþörfum og styðja við vaxandi starfsemi. Þar má nefna stækkun og endurbætur á aðstöðu fyrir farþega, aukinni sjálfvirkni í farþegaferlum og aðrar framkvæmdir sem miða að því að bæta rekstrarhagkvæmni og þjónustugæði. Þetta gerir starfseminni kleift að sinna sívaxandi farþegafjölda og tryggja viðunandi þjónustugæði fyrir farþega og rekstraraðila flugvallarsamfélagsins.

Félagið vinnur að langtímafjármögnun vegna fyrirhugaðra fjárfestingarverkefna sem áætlað er að hefja framkvæmdir á árinu 2026 og 2027 og til endurfjármögnunar á skammtímalánum sjá nánar skýringu 13.

Óvissa er um framtíðarnotkun innan samstæðunnar á þróun yfirflugskerfis fyrir Avians ehf. en áhrif þeirra ákvarðana sem teknar verða munu ekki hafa áhrif á fjárhagsskilyrði lánasamninga samstæðunnar og lánaskilmálar munu eftir sem áður standast óháð ákvörðun um framtíðarnotkun kerfisins, sjá nánar skýringu 8.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Isavia ohf. er samstæðuárshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og forstjóra að reikningsskilareglur samstæðunnar séu viðeigandi og að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar á tímabilinu janúar til júní 2026 og helstu óvissuþætti í umhverfi samstæðunnar.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta, samkvæmt þeirra bestu vitund, að samstæðuárshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til júní 2026.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa yfirfarið og samþykkt samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 með undirritun sinni.

Hafnarfjörður, 21. september 2026

Í stjórn

Steinþór Pálsson
stjórnarformaður

Gréta María Grétarsdóttir

Hera Grímsdóttir

Marta Jónsdóttir

Ólafur Njáll Sigurðsson

Forstjóri

Sveinbjörn Indriðason

Könnunaráritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Isavia ohf.

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Isavia ohf. (hér eftir árshlutareikningur) fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026 er kannaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ábyrgð ríkisendurskoðanda felst í þeirri ályktun um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun Ríkisendurskoðunar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningu á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og því er ekki víst að vitneskja hafi fengist um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi lætur Ríkisendurskoðun álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnunina kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2026 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 21. september 2026

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit yfir heildarafkomu 1.1 - 30.6 2026

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Rekstrartekjur	4	20.294.694	24.452.950
Kostnaðarverð seldra vara		(50)	(2.978.657)
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	(12.752.932)	(13.244.906)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(677.341)	(569.209)
Annar rekstrarkostnaður		(3.526.163)	(3.414.679)
		<u>(16.956.486)</u>	<u>(20.207.451)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		3.338.208	4.245.499
Afskriftir	7,8,9	(2.384.910)	(2.283.425)
Rekstrarhagnaður		<u>953.298</u>	<u>1.962.074</u>
Fjármunatekjur	6	157.561	204.211
Fjármagnsgjöld	6	(1.559.639)	(1.400.375)
Gengismunur	6	983.051	567.568
Hagnaður fyrir skatta		<u>534.271</u>	<u>1.333.479</u>
Tekjuskattur		(93.541)	(203.959)
Hagnaður og önnur heildarafkoma tímabilsins		<u><u>440.730</u></u>	<u><u>1.129.520</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		30.6 2026	31.12 2025
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	7	106.187.583	103.105.397
Óefnislegar eignir	8	6.478.745	6.219.776
Nýtingarréttur	9	1.352.137	1.379.665
Eignarhlutar í öðrum félögum		5.000	5.000
		114.023.465	110.709.837
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		137.459	138.762
Viðskiptakröfur	11	4.596.952	3.106.237
Næsta árs hluti skuldabréfaeignar og langtímakrafna		487.950	502.566
Aðrar skammtímakröfur	11	1.560.515	1.507.414
Handbært fé		5.504.969	5.469.671
		12.287.845	10.724.649
Eignir		126.311.310	121.434.487
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	12	24.559.063	24.559.063
Lögbundinn varasjóður		3.355.151	3.355.151
Sérstakur endurmatsreikningur		33.756	34.417
Bundinn varasjóður		3.315.270	2.853.758
Óráðstafað eigið fé		21.861.351	21.881.182
		53.124.591	52.683.573
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	13	49.879.302	53.673.277
Leigusamningar	9	1.306.872	1.315.984
Aðrar skuldbindingar		195.000	195.000
Tekjuskattsskuldbinding	14	1.265.847	1.174.668
		52.647.021	56.358.930
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	15	2.653.054	3.158.843
Skuldir við lánastofnanir	15	8.000.000	3.000.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	3.581.561	1.604.187
Næsta árs afborganir leigusamninga	9	92.965	89.509
Ógreiddir reiknaðir skattar	14	2.362	2.920
Aðrar skammtímaskuldir	15	6.209.756	4.536.525
		20.539.698	12.391.985
Skuldir		73.186.719	68.750.914
Eigið fé og skuldir		126.311.310	121.434.487

Yfirlit um eigið fé 1.1 - 30.6 2026

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2025	24.559.063	3.068.070	35.741	0	21.629.879	49.292.753
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	0	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	0	(944)	(944)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	0	1.129.520	1.129.520
Eigið fé 30. júní 2025	24.559.063	3.068.070	35.079	0	22.759.117	50.421.329
Eigið fé 1. janúar 2026	24.559.063	3.355.151	34.417	2.853.758	21.881.182	52.683.573
Lagt í bundinn varasjóð leiðrétting 2025 .	0	0	0	78.000	(78.000)	0
Lagt í bundinn varasjóð	0	0	0	383.512	(383.512)	0
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	0	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	0	289	289
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	0	440.730	440.730
Eigið fé 30. júní 2026	24.559.063	3.355.151	33.756	3.315.270	21.861.351	53.124.591

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.
Tillag í bundinn varasjóð er tilkomið vegna eignfærðs þróunarkostnaðar.

Yfirlit um sjóðstreymi 1.1 - 30.6 2026

		Samstæða	
	Skýr.	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		953.298	1.962.074
Afskriftir	7,8,9	2.384.910	2.283.425
Reikningshaldsleg afskrift skammtímakrafna		(415.085)	(102.704)
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		(3.133)	(131)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		2.919.989	4.142.664
Vörubirgðir lækkun		1.303	753.853
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun)		(927.241)	(309.437)
Rekstartengdar skuldir hækkun, (lækkun)		1.299.220	(699.047)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		3.293.271	3.888.033
Innborgaðir vextir		63.298	61.164
Greiddir vextir		(1.510.211)	(1.310.486)
Handbært fé frá rekstri		1.846.358	2.638.711
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunun	7	(5.254.170)	(6.067.880)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	8	(404.580)	(39.086)
Seldir rekstrarfjármunir		5.102	230.361
Afborganir skuldabréfaeignar		15.739	14.937
Fjárfestingahreyfingar		(5.637.908)	(5.861.669)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir	13	0	2.000.000
Skuldir við lánastofnanir, skammtíma lánalínur	15	5.000.000	3.000.000
Afborganir langtímaskulda	13	(786.871)	(788.431)
Afborganir leigusamninga		(46.324)	(64.119)
Framkvæmdaáætlun fjármögnun, breyting		(276.042)	(257.074)
Fjármögnunarhreyfingar		3.890.762	3.890.375
Hækkun handbærs fjár		99.212	667.418
Handbært fé 1. janúar		5.469.671	5.889.342
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(63.914)	(622)
Handbært fé 30. júní		5.504.969	6.556.138

Skýringar

1. Starfsemi

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli en varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

Isavia og dótturfélög annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýra jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Samstæðuárshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Avians ehf., Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf., Tern Ungverjalandi og Suluk ApS á Grænlandi.

Fríhöfnin ehf. rak þrjár verslanir með tollfrjálsan varning á Keflavíkurflugvelli samkvæmt rekstrarleyfissamningi við móðurfélagið Isavia. Um var að ræða verslun þar sem áhersla er á dæmigerðar friðhafnarvörur, svo sem áfengi, tóbak, sælgæti og snyrtivörur. Þann 7. maí 2025 hætti Fríhöfnin ehf. með rekstur allra verslana á Keflavíkurflugvelli þegar nýr rekstraraðili tók við friðhafnarverslunum. Á árinu 2024 hóf Fríhöfnin ehf. rekstur á verslun með tollfrjálsan varning í flugstöðinni á Akureyri en þeim rekstri var einnig hætt þann 15. október 2025. Frá þeim tíma lauk öllum rekstri Friðhafnarinnar ehf.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga þar sem það á við. Samandregni árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema að ákveðnir fastafjármunir eru metnir eftir endurmatsaðferðinni. Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2025. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram. Hægt er að nálgast ársreikning fyrir árið 2025 hjá fyrirtækinu eða á vef þess; www.isavia.is.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Reikningshaldslegt mat er helst í mati á líftíma eigna og í niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða, sjá skýringar nr. 7, 8 og 11.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Tekjur Flugleiðsögu.....	4.916.902	4.435.394
Tekjur Innanlandskerfis.....	2.200.343	2.051.651
Tekjur Keflavíkurflugvallar.....	12.994.629	12.379.229
Aðrar tekjur.....	179.687	365.738
Söluhagnaður fastafjármuna.....	3.133	131
Tekjur af vörusölu.....	0	5.220.807
	20.294.694	24.452.950

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Laun	10.069.638	10.439.461
Launatengd gjöld	2.413.321	2.483.979
Eignfærður launakostnaður	(676.975)	(519.903)
Annar launa- og starfsmannakostnaður	946.948	841.368
	12.752.932	13.244.906

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur

	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Vaxtatekjur af bankareikningum	90.285	142.605
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga	1.124	1.812
Vaxtatekjur af Joint Finance samningi	34.249	38.771
Aðrar vaxtatekjur	31.903	21.023
	<u>157.561</u>	<u>204.211</u>

Fjármagnsgjöld

	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.544.180)	(1.344.105)
Önnur vaxtagjöld	(15.459)	(56.270)
	<u>(1.559.639)</u>	<u>(1.400.375)</u>

Gengismunur

	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Gengismunur	983.051	567.568

7. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Fasteignir verk í vinnslu	Flughlöð og bílastæði	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í upphafi tímabils	61.767.274	10.553.094	37.165.495	25.738.124	135.223.986
Endurflokkun	222.991	0	0	(214.879)	8.112
Eignfært á tímabilinu	1.340.025	1.592.717	669.518	1.651.910	5.254.170
Aflagt á tímabilinu	(72.070)	0	0	(487.842)	(559.912)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(19.683)	(19.683)
Staða í lok tímabils	<u>63.258.219</u>	<u>12.145.811</u>	<u>37.835.012</u>	<u>26.667.629</u>	<u>139.906.672</u>

Afskriftir

Staða í upphafi tímabils	14.277.975	0	8.220.754	9.619.860	32.118.589
Endurflokkun	100.111	0	0	(91.999)	8.112
Afskriftir tímabilsins	691.463	0	688.931	789.621	2.170.015
Aflagt á tímabilinu	(72.070)	0	0	(487.842)	(559.912)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(17.715)	(17.715)
Staða í lok tímabils	<u>14.997.479</u>	<u>0</u>	<u>8.909.685</u>	<u>9.811.924</u>	<u>33.719.088</u>

Bókfært verð

Bókfært verð í upphafi tímabils	47.489.299	10.553.094	28.944.741	16.118.264	103.105.397
Bókfært verð í lok tímabils	<u>48.260.741</u>	<u>12.145.811</u>	<u>28.925.327</u>	<u>16.855.705</u>	<u>106.187.583</u>

Áætlaður nýtingartími	0-100 ár	5-50 ár	0-50 ár
-----------------------------	----------	---------	---------

Framkvæmdir eru í Flugstöð Leifs Eiríkssonar vegna stækkana á flugstöðinni og breytinga á rýmum auk framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2026 var eignfært vegna framkvæmda og annarra fjárfestinga samstæðunnar 5.254 milljónir króna (1.1-30.6 2025: 6.068 milljónir króna). Þar af námu framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli 4.955 milljónum króna (1.1-30.6 2025: 5.574 milljónir króna). Framundan eru áframhaldandi framkvæmdir hjá Isavia ohf. vegna stækkunar flugstöðvar og breytinga á rýmum auk áframhaldandi framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Þann 30. júní 2026 voru til staðar skuldbindingar utan efnahags að fjárhæð um 8.456 milljónir króna (31.12.2025: 5.142 milljónir króna) hjá Isavia ohf. sem eru tilkomnar vegna samninga sem tilheyra þeim framkvæmdum sem framundan eru á Keflavíkurflugvelli til ársloka 2028.

Afskriftir greining:

	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. hér að framan	2.170.015	2.047.433
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 8	145.610	163.556
Afskriftir nýtingarréttis sbr. skýringu 9	69.284	72.436
	<u>2.384.910</u>	<u>2.283.425</u>

Skýringar

8. Óefnislegar eignir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og aðrar eignir	Hugbúnaður verk í vinnslu	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í upphafi tímabils	477.035	5.706.000	1.023.131	2.853.758	10.059.924
Endurflokkun	0	0	(78.000)	78.000	0
Eignfært á tímabilinu	0	0	21.068	383.512	404.580
Staða í lok tímabils	477.035	5.706.000	966.198	3.315.270	7.149.233
Afskriftir					
Staða í upphafi tímabils	270.348	3.233.734	336.067	0	3.840.148
Afskrift tímabilsins	7.950	95.087	42.574	0	145.610
Staða í lok tímabils	278.297	3.328.821	378.641	0	3.985.759
Bókfært verð					
Bókfært verð í upphafi tímabils	206.687	2.472.266	687.064	2.853.758	6.219.776
Bókfært verð í lok tímabils	198.738	2.377.179	587.558	3.315.270	6.478.745
Afskriftarhlutföll	3,3%	3,3%	8-20%	0%	

Hugbúnaður verk í vinnslu er eignfærður þróunarkostnaður hjá dótturfélögunum Avians ehf. og Tern Systems ehf. dótturfélagi Avians ehf. Staða hugbúnaðarins þann 30. júní 2026 nemur 3.315 milljónum króna. Hugbúnaðurinn hefur ekki verið tekinn í notkun og því engin afskrift hafin.

Síðustu ár hefur dótturfélagið Avians ehf. unnið, í samstarfi við dótturfélag sitt Tern Systems ehf., að þróun á nýju fluggagnavinnslukerfi í stað eldra kerfis. Fluggagnavinnslukerfi samstæðunnar er í tveim hlutum, yfirflugskerfi annars vegar og aðflugskerfi hins vegar. Af heildarfjárhæð hugbúnaðar verk í vinnslu þann 30. júní 2026 er yfirflugskerfið að fjárhæð 2.015 milljónir króna.

Óvissa er um framtíðarnotkun innan samstæðunnar á yfirflugskerfinu en Avians ehf. er að skoða hvort hagstæðara sé að kaupa kerfi fyrir yfirflugið frá þriðja aðila sem er lengra komið í þróun og þá með sértækri aðlögun að þörfum starfsemi félagsins. Dótturfélagið Tern Systems ehf. sinnir áfram þróun yfirflugskerfisins og selur til þriðja aðila. Ákvörðun um frekari þróun yfirflugskerfisins hjá samstæðunni er í skoðun en búast má við niðurstöðu seinni hluta ársins 2026. Því er óljóst hver áhrifin verða á mati á yfirflugskerfinu hjá samstæðunni. Áhrif þeirra ákvæðana sem teknar verða munu ekki hafa áhrif á fjárhagsskýrði lánasamninga samstæðunnar og lánaskilmálar munu eftir sem áður standast óháð ákvörðun um framtíðarnotkun kerfisins.

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnarmálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands, sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára, frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landhelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

9. Leigusamningar

Samstæðan leigir fasteignir og lóðir fyrir starfsemi sína sem falla undir reikningsskilastaðal IFRS 16 leigusamningar. Samningsbundinn leigutími fasteigna er til 10 ára auk eins ótímabundins samnings. Félagið hefur forleigurétt til 5 ára að samningstíma loknum. Ótímabundni samningurinn um fasteign er með 6 mánaða uppsagnartíma af beggja hálfu. Samningsbundinn leigutími lóða er á bilinu 42 til 50 ár.

Tölur hér á eftir sýna meðal annars greiningu á flokkum undirliggjandi eigna á samningsbundnum leigugreiðslum þar sem félagið er leigutaki.

Nýtingarréttur	Fasteignir og lóðir	
Staða í upphafi tímabils	1.379.665	
Verðbætur af leiguskuldbindingu	40.272	
Breytingar vegna nýrra samninga og uppgjör eldri samninga	1.485	
Afskriftir tímabilsins	(69.284)	
Staða í lok tímabils	1.352.137	
Upphæðir færðar í rekstrarreikning	1.1 - 30.6 2026	1.1 - 30.6 2025
Afskriftir af nýtingarrétti	69.284	72.436
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	73.580	45.423
Samtals gjaldfært á tímabilinu	142.864	117.859

Skýringar

9. Leigusamningar (framhald)

Leiguskuldbinding	30.6 2026	31.12 2025
Leiguskuldir, langtímahluti	1.306.872	1.315.984
Leiguskuldir, afborgun næstu 12 mánaða meðal skammtímaskulda	92.965	89.509
	<u>1.399.836</u>	<u>1.405.494</u>
Leiguskuldbinding		
Gjalddagagreining, ónúvirtar leigugreiðslur	30.6 2026	31.12 2025
Innan árs	201.642	200.802
Eftir ár en innan 5 ára	807.716	780.266
5 ár og síðar	2.064.804	2.153.262
	<u>3.074.162</u>	<u>3.134.330</u>

10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi félögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum eru eftirfarandi:			
Dótturfélög Isavia ohf.			
Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfsemi
Avians ehf., Reykjavíkurflugvelli	100,00%	310.500	Flugleiðsöguþjónusta
Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Reykjavíkurflugvelli	100,00%	52.350	Rekstur innanlandsflugvalla
Dótturfélög Avians ehf.			
Suluk ApS - Grænlandi	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Dótturfélag Tern Systems ehf.			
Tern Branch Hungary, Ungverjalandi	100,00%	16.877	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf

11. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	30.6 2026	31.12 2025
Innlendar viðskiptakröfur	5.812.537	5.697.654
Erlendar viðskiptakröfur	1.075.269	552.615
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(2.728.947)	(3.144.032)
Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins	438.093	0
	<u>4.596.952</u>	<u>3.106.237</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi. Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna í lok tímabilsins í samræmi við kröfur IFRS 9 var eftirfarandi:

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á lífúma viðskiptakrafanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldurflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlegar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar innan samstæðunnar eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að viðskiptamaður sé í greiðsluerfiðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Meðal viðskiptakrafna félagsins er krafa að fjárhæð 2.092 milljónir króna á þrotabú Wow air þar sem gjaldprotaskiptum er ekki enn lokið. Krafan hefur verið færð að fullu niður reikningshaldslega.

Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins 30. júní 2026 tilheyrir Avians ehf. og er tilkomin vegna endurheimt kostnaðar vegna flugleiðsöguþjónustu í Norður Atlantshafi. Ákvæði samningsins eru að ef innheimt notendagjöld fyrir þjónustuna eru minni þá myndast krafa sem er endurgreidd með hækkun kostnaðargrunns notendagjalda tveimur árum síðar. Þann 30. júní 2026 þá eru innheimt notendagjöld fyrir þjónustuna minni en ákvæði samningsins tilgreina og þar af leiðandi myndast krafa vegna þess en 31. desember 2025 voru innheimt notendagjöld fyrir þjónustuna meiri og var því um viðskiptaskuld að ræða á þeim tímapunkti.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Taflan hér á eftir sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum innlendra og erlendra viðskiptakrafna.

30.6 2026				
Dagar fram yfir gjalddaga	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,3%	3.426.578	10.133	3.416.445
1-90 daga	10,3%	350.903	36.275	314.629
91-180 daga	84,9%	253.807	215.384	38.423
181-270 daga	97,2%	364.885	354.811	10.074
>271 daga	84,8%	2.491.632	2.112.344	379.288
Samtals		6.887.806	2.728.947	4.158.859

31.12 2025				
Dagar fram yfir gjalddaga	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	5,8%	2.515.833	146.931	2.368.903
1-90 daga	54,5%	641.565	349.641	291.924
91-180 daga	63,3%	561.353	355.213	206.139
181-270 daga	23,9%	60.859	14.542	46.317
>271 daga	92,2%	2.470.659	2.277.705	192.954
Samtals		6.250.269	3.144.032	3.106.237

Aðrar skammtímakröfur

	30.6 2026	31.12 2025
Virðisaukaskattur	217.744	165.799
Fyrirframgreiddur kostnaður	167.330	346.659
Fjármagnstekjuskattur	91.982	69.362
Óinnheimtir vextir	70.305	0
Fyrirframgreidd laun	0	25.584
Óloknið verksamningar	70.942	107.551
Aðrar kröfur	942.211	792.458
	1.560.515	1.507.414

12. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hluti	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok tímabilsins	24.559.063	100,0%	24.559.063

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt.

Skýringar

13. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6 2026	31.12 2025
Skuldir í EUR	47.097.290	48.770.684
Skuldir í ISK	6.363.572	6.506.780
	53.460.863	55.277.464
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(3.581.561)	(1.604.187)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins / ársins	49.879.302	53.673.277
	30.6 2026	31.12 2025
Staða í upphafi tímabils	55.277.464	53.724.641
Ný lán á tímabilinu	0	2.000.000
Afborganir tímabilsins	(786.871)	(1.585.579)
Gengismunur og verðbætur	(1.029.730)	1.138.402
Staða í lok tímabilsins / ársins	53.460.863	55.277.464
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6 2026	31.12 2025
Afborganir 1.7.2026 - 30.6.2027 / 1.1.2026 - 31.12.2026	3.581.561	1.604.187
Afborganir 1.7.2027 - 30.6.2028 / 1.1.2027 - 31.12.2027	2.239.908	3.607.755
Afborganir 1.7.2028 - 30.6.2029 / 1.1.2028 - 31.12.2028	5.287.626	5.470.377
Afborganir 1.7.2029 - 30.6.2030 / 1.1.2029 - 31.12.2029	2.639.615	2.690.593
Afborganir 1.7.2030 - 30.6.2031 / 1.1.2030 - 31.12.2030	13.444.024	13.734.730
Afborganir síðar	26.268.127	28.169.821
	53.460.863	55.277.464

Engin langtímalán voru tekin á tímabilinu janúar til júní 2026. Á tímabilinu var dregið á skammtíma lánalínur sem námu 5.000 milljónum króna og eru færðar meðal skammtímaskulda sem skuldir við lánastofnanir. Greiddar voru samningsbundnar greiðslur af langtímalánum að fjárhæð 787 milljónum króna. Lánasamningar félagsins, bæði skammtíma og langtíma, að fjárhæð 60.631 milljónum króna innihalda skilmála um fjárhagslegan styrk varðandi skuldahlutfall og eiginfjárhlutfall og uppfyllir félagið alla skilmála lánasamninga þann 30.06.2026. Félagið vinnur að langtímafjármögnun vegna fyrirhugaðra fjárfestingarverkefna sem áætlað er að hefja framkvæmdir á árinu 2026 og 2027 og til endurfjármögnunar á skammtímalánum.

14. Tekjuskattskuldbinding

	30.6 2026	31.12 2025
Staða í upphafi tímabilsins	1.174.668	404.059
Reiknaður tekjuskattur	93.541	773.480
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(2.362)	(2.920)
Þýðingarmunur	0	49
Staða í lok tímabilsins	1.265.847	1.174.668

Tekjuskattskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins

	30.6 2026	31.12 2025
Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	2.413.828	2.464.658
Veltufjáreignir	(538.310)	(624.630)
Frestaður gengismunur	66.704	6.418
Aðrir liðir	(3.392)	(3.066)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	(672.983)	(668.712)
	1.265.847	1.174.668

Skýringar

14. Tekjuskattskuldbinding

Yfirferanlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	30.6 2026	31.12 2025
Nýtanlegt til ársins 2030	0	82.503
Nýtanlegt til ársins 2031	2.039.818	2.050.280
Nýtanlegt til ársins 2032	235.559	385.532
Nýtanlegt til ársins 2033	356.035	356.035
Nýtanlegt til ársins 2034	316.605	316.605
Nýtanlegt til ársins 2035	152.608	152.608
Nýtanlegt til ársins 2036	264.290	0
	<u>3.364.914</u>	<u>3.343.562</u>

15. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	30.6 2026	31.12 2025
Innlendar viðskiptaskuldir	2.302.512	1.984.379
Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar	14.443	290.485
Erlendar viðskiptaskuldir	336.099	442.536
Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins	0	441.443
	<u>2.653.054</u>	<u>3.158.843</u>

Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar tilheyra Isavia Innanlandsflugvöllum ehf. og eru tilkominar vegna framkvæmdahluta þjónustusamnings þess við Innviðaráðuneytið. Greiðslur vegna framkvæmdahluta hafa þegar borist að hluta til og mynda því þessa skuld þar sem greiðslum þessum hefur ekki verið ráðstafað að fullu. Meðal handbærs fjár er inneign sem er tilkomin vegna þessara greiðslna.

Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins 31. desember 2025 tilheyrir Avians ehf. og var tilkomin vegna endurheimt kostnaðar vegna flugleiðsöguþjónustu í Norður Atlantshafi. Árið 2023 var flugumferð í flugstjórnarsvæði Íslands meiri en áætlað hafði verið sem leiddi til þess að meira innheimtist af notendagjöldum en sem nam kostnaði við þjónustuna. Ákvæði samningsins eru að ef innheimt notendagjöld fyrir þjónustuna eru meiri þá myndast skuld vegna tímabilsins sem er endurgreidd með lökkun kostnaðargrunns notendagjalda tveimur árum síðar. Þann 30. júní 2026 þá eru innheimt notendagjöld fyrir þjónustuna minni en ákvæði samningsins tilgreina og þar af leiðandi myndast krafa vegna þess og er sú krafa færð meðal viðskiptakrafna.

Skuldir við lánastofnanir

	30.6 2026	31.12 2025
Skuldir við lánastofnanir, skammtíma lánalínur	8.000.000	3.000.000

Á tímabilinu var dregið á lánalínur sem námu 5.000 milljónum króna til viðbótar við lánalínur frá 31. desember 2025. Lánalínur koma til greiðslu innan 12 mánaða, sjá einnig skýringu 13.

Aðrar skammtímaskuldir

	30.6 2026	31.12 2025
Virðisaukaskattur	33.259	33.316
Laun og launatengd gjöld	2.095.911	902.334
Launaskuldbindingar	2.880.425	2.531.660
Áfallnir vextir	637.275	607.286
Fyrirframinnheimtar tekjur	442.229	178.745
Aðrar skuldir	2.690	200.776
Óloknið verksamningar	117.967	82.408
	<u>6.209.756</u>	<u>4.536.525</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.6 2026	31.12 2025
Skuldir við lánastofnanir	3.581.561	1.604.187
	<u>3.581.561</u>	<u>1.604.187</u>

16. Tengdir aðilar

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirlýðningu í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirlýðningu eða veruleg áhrif. Móðurfélag og félög þar sem móðurfélagið fer með yfirlýðningu eða hefur veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Samstæðan er opinbert hlutafélag en opinberum aðilum eru veittar undanþágur að hluta til frá kröfum um upplýsingagjöf vegna tengdra aðila í IAS 24. Helstu viðskipti samstæðunnar við opinbera aðila er samningur við ríkið um rekstur innanlandsflugvalla sem tilheyrir dótturfélaginu Isavia Innanlandsflugvelli ehf.

Sala á vöru og þjónustu til lykilstjórnenda eða aðila tengdra þeim var óveruleg.

17. Önnur mál

Dómsmál

Málaferli vegna starfsmanna

Flugumferðarstjóri stefndi Avians ehf. vegna ákvæðis í kjarasamningi FÍF og Isavia ohf. um 63 ára starfsaldurshámark. Héraðsdómur dæmdi Avians ehf. í vil en Landsréttur féllst á kröfur flugumferðarstjórans. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem ómerkti dóm Landsréttar og vísaði málinu aftur til Landsréttar til löglegrar málsmeðferðar. Landsréttur féllst aftur á kröfur flugumferðarstjórans og hefur Isavia óskað eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar.

Nokkrir fyrrum starfsmenn félagsins stefndu því vegna styttingar starfsaldurshámars hjá Isavia samstæðunni úr 70 árum í 67 árið 2020 og kröfðust skaða- og miskabóta. Málin unnust í héraði en Landsréttur féllst á kröfur tveggja starfsmanna. Hæstiréttur hefur veitt Isavia ohf. áfrýjunarleyfi og er málflutningur fyrirhugaður í haust. Þriðja dómsmálið af þessum toga vannst í héraði en bíður málflutnings í Landsrétti.

Fly Play hf. - Isavia ohf.

Með stefnu dagsett 27. júlí 2026 höfðaði þrotabú Fly Play hf. mál á hendur Isavia ohf. til riftunar á greiðslum að fjárhæð 485 milljónum króna ásamt vöxtum og dráttarvöxtum sem flugfélagið greiddi Isavia í aðdraganda gjaldþrots þess. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness 2. september 2026.

18. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Einn atburður hefur orðið eftir lok reikningsskiladags sem gæti haft áhrif á rekstur og kröfur félagsins sem snýr að stefnu þrotabú Fly Play hf. á hendur Isavia ohf. sjá skýringu 17.

Skýringar

19. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir skipulagi samstæðunnar og innri upplýsingagjöf stjórnenda. Meginhluti af rekstri Avians ehf. samanstendur af þjónustu við flugrekendur á grundvelli milliríkjasamnings (Joint Finance). Isavia Innanlandsflugvöllur ehf. er rekstur flugvalla og flugturna innanlands. Keflavíkurflugvöllur er rekstur flugvallar og flugturns í Keflavík auk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og rekstur stoðsviða. Frihöfnin ehf. var með frihafnarverslanir á Keflavíkurflugvelli. Önnur dótturfélög eru Tern Systems ehf. sem er hugbúnaðarfyrtæki og dótturfélag Avians ehf. Tern Ungverjaland, dótturfélag Tern Systems ehf., er með rekstur í Ungverjalandi og sinnir hugbúnaðarþjónustu þar. Suluk, dótturfélag Avians ehf., sem sinnir flugleiðsöguþjónustu í Grænlandi.

Starfsþáttagreining rekstrar 1. janúar til 30. júní 2026 og efnahags 30. júní 2026

	Avians ehf.	Isavia Innanlands- flugvöllur ehf.	Isavia ohf.	Frihöfnin ehf.	Önnur dótturfélög	Jöfnun	Samstæða
	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi	Keflavíkur- flugvöllur	Frihafnarverslanir			
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	4.916.755	2.203.071	12.995.182	0	179.687		20.294.694
Innanfélagstekjur	1.059.064	19.682	165.781	0	621.678	(1.866.205)	0
Heildartekjur	5.975.819	2.222.753	13.160.962	0	801.365	(1.866.205)	20.294.694
Afkoma							
Rekstrarhagnaður	412.326	268.521	312.059	(5.519)	(34.089)		953.298
Fjármagnsliðir	(72.797)	(36.587)	647.532	14.903	(22.077)	(950.000)	(419.027)
Afkoma fyrir skatta	339.529	231.934	959.590	9.384	(56.166)	(950.000)	534.271
Afkoma tímabilsins	271.623	185.547	957.157	6.979	(30.577)	(950.000)	440.730
Efnahagsreikningur 30. júní 2026							
Fastafjármunir	6.314.274	1.349.375	108.651.999	0	935.867	(3.228.049)	114.023.465
Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti	2.912.521	960.974	11.781.207	110.838	578.948	(4.056.645)	12.287.845
Heildareignir	9.226.795	2.310.349	120.433.206	110.838	1.514.815	(7.284.694)	126.311.310
Heildarskuldir	5.703.361	2.244.535	70.387.047	34.825	1.158.125	(6.341.175)	73.186.719
Eigið fé	3.523.434	65.814	50.046.159	76.013	356.690	(943.520)	53.124.591
Aðrar upplýsingar 30. júní 2026							
Fjárfestingar tímabilsins	538.481	20.675	4.976.398	0	123.196	0	5.658.749
Afskriftir tímabilsins	141.244	62.596	2.152.677	0	28.393	0	2.384.910

Skýringar

19. Starfsþáttayfirlit (framhald)

Starfsþáttagreining rekstrar 1. janúar til 30. júní 2025 og efnahags 31. desember 2025

	Avians ehf.	Isavia Innanlands- flugvöllir ehf.	Isavia ohf.	Frihöfnin ehf.	Önnur dótturfélög	Jöfnun	Samstæða
	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi	Keflavíkur- flugvöllur	Fríhafnarverslanir			
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	4.435.394	2.051.651	12.379.360	5.220.807	365.738		24.452.950
Innanfélagstekjur	811.843	59.179	1.655.056	0	547.431	(3.073.509)	0
Heildartekjur	5.247.237	2.110.830	14.034.416	5.220.807	913.169	(3.073.509)	24.452.950
Afkoma							
Rekstrarhagnaður	497.698	66.776	1.454.610	(24.640)	(141.394)	109.025	1.962.074
Fjármagnsliðir	(19.911)	(44.844)	(63.195)	18.781	(19.868)	(499.558)	(628.596)
Afkoma fyrir skatta	477.786	21.931	1.391.416	(5.859)	(161.261)	(390.534)	1.333.479
Afkoma tímabilsins	388.767	17.765	1.234.641	(3.324)	(117.774)	(390.555)	1.129.520
Efnahagsreikningur 31. desember 2025							
Fastafjármunir	5.917.378	1.391.497	105.802.085	1.046	798.974	(3.201.143)	110.709.837
Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti	1.842.549	587.857	9.072.918	1.048.681	523.861	(2.351.218)	10.724.649
Heildareignir	7.759.927	1.979.355	114.875.003	1.049.727	1.322.836	(5.552.361)	121.434.487
Heildarskuldir	4.508.117	2.099.088	65.786.001	30.693	935.858	(4.608.842)	68.750.914
Eigið fé	3.251.811	(119.733)	49.089.002	1.019.034	386.978	(943.520)	52.683.573
Aðrar upplýsingar 31. desember 2025							
Fjárfestingar tímabilsins	827.962	182.716	11.408.873	0	241.225	(43.011)	12.617.764
Afskriftir tímabilsins	320.090	127.766	4.182.837	92.596	55.095	(72.344)	4.706.040